

10. ágúst 2019 | Aðsent efni | 799 orð | 1 mynd

Auðlindir Íslands

Eftir Tómas Ísleifsson

Eftir Tómas Ísleifsson: "Fyrir liggur að taka þarf ákvörðun um örlög þjóðar og því spyr ég: Verður ekki boðað til flokksfunda hjá Vinstri grænum á næstu dögum?"

Á þessu sumri höfum við Íslendingar, flestir, notið meiri veðurbliðu en okkur rennur minni til. Það er illt ef sú hamingja er blandin sektarkennd vegna ábyrgðar okkar á loftslagsbreytingum af mannavöldum. Ég er ekki sannfærður um að öll hlýnun jarðar síðustu árin sé vegna bruna á eldsneyti. Okkur hefur öllum verið sagt frá sveiflum í veðurfari og það meira að segja sveiflum eftir ísöld og þá síðustu tíu þúsund árin. Okkur er hollara að hafa meiri áhyggjur af afglöpum í stjórnun landsins.

Velferð Íslendinga veltur á yfirráðum yfir fiskimiðum, jarðeignum, jarðhita og fallorku landsins. Ísland er ríkt að auðlindum, sem geta tryggt velsæld – þær má aldrei selja.

Í meira en tuttugu ár hefur ekki tekist að stöðva veðsetningar á Íslandsmiðum. Veit þjóðin að þorskur af Íslandsmiðum hefur löngum verið verðlagður hærra í veröldinni, en annað fiskmeti?

Jarðeign í landinu er mestanpart einkaeign. Íslendingar eiga að hafa frjálsa för um land sitt og jarðeigendur að hlíta lögum. Illt er að blómlegar byggðir verði leiksvæði auðmanna og litlu betra er að þjóðin verði leiguliðar í eigin landi, sem einhverjir ungir bændur í Vopnafirði álíta skárri kost.

Náttúruauðlindir landsins, stjórn þess og samskipti við aðrar þjóðir er okkar hamingjuhjól. Það er áhyggjuefni ef þorskurinn hrekst af Íslandsmiðum vegna hlýnunar og sárara ef hægt er að kenna sér um. Illt er ef auður Íslandsmiða hverfur úr höndum okkar vegna loftslagsbreytinga eða til vondra auðmanna. Við því þarf að bregðast.

Bruni eldsneytis

Ekki leggst ég gegn alþjóðlegu samstarfi um brunavarnir á kolefnisbirgðum jarðar. Fullvel eigum við að vita að langt er í að jarðarbúar hætti að brenna kolum, olíu og gasi. Um þær lausnir er mikið skrafað. Ekki er það kjarnorkan. Geislun þeirrar iðju verður vandamál í tugþúsundir ára. Ég lengi ekki mál mitt með að ágæti vindorku og sólarorkuvera á suðrænum slóðum leysi orkupörf mannkyns. Sjálfbær orka fyrir gráðug neytlusamfélög er sýnilega takmörkuð.

Hlutfall okkar í mannfjölda jarðar er einn af hverjum 20.000 og lengi höfum við verið einn Íslendingur fyrir hverja 1.000 Bandaríkjamenn. Það er göfugt að þessi eini setji fögur fordæmi og sælt þykir að finna fyrir sjálfsánægjuhrokanum: „Ég vil víst vera montinn, þá líður manni svo vel,“ sagði einn fjögurra ára, þegar hann var ávítaður fyrir mont. Eigum við að spila Íslandi úr höndum okkar með grobbi?

Einbeittur er sá áróður í fjölmiðlum landsins, að í ljósi þess að nær allt mannkyn spúir út koltvísýringi sem aldrei fyrr, eigum við að hlaupa til og sýna hvað við erum vitur og góð – mannkyns- og jarðarfrelsarar. Einn pistillinn var orðaður svo: „Ísland hefur allt sem þarf til forystu í loftslagsmálum og bindingu koltvísýrings.“ Já vissulega! – vegna mikilla auðlinda, sem enn eru okkar. Ég tek undir tilvitnunina um að við eigum að auka kolefnisbindingu og minnka sóun, en við megum aldrei selja frá okkur auðlindir Íslands. Þær mega aldrei verða skiptimynt upp í eitthvað annað. Sú gjörð væri glæpur gegn óbornum kynslóðum.

Orkupakki 3

Í marga mánuði hefur verið deilt hart um innleiðingu þriðja orkupakkans. Þjóðin er klofin í málinu þvert á flokka, þótt flokkslínur virðist ráða á Alþingi. Þingmeirihluti virðist vera fyrir að kaupa sér frið við Evrópusambandið með því að samþykkja regluverk, sem mun hindra að orkuvinnsla og dreifing sé rekin á samfélagslegum forsendum. Reglur kapítalismans skulu ráða.

Ég er ekki fróður um þriðja orkupakkann, en tek samt afstöðu studdur rökum. Stysta röksemdin er í Morgunblaðsgrein Ögmundar Jónassonar: „Guðlaugur Þór og Ari Trausti vísi ekki veginn.“ Þar skrifar Ögmundur:

„Minumst þess að ekki eru liðnir margir mánuðir síðan íslenskir skattgreiðendur voru þvingaðir með dómi til að borga Högum og öðrum verslunarrekendum þrjá milljarða í skaðabætur af völdum laga sem Alþingi Íslendinga hafði sett en þóttu brjóta gegn „fjórfrælsi“ ESB/EES. Hver hefði trúað þessu að óreyndu?“

Í málinu er vafi og Evrópu varðar ekkert um hvernig höndlað er með rafmagn hér ef enginn er sæstrengurinn.

Ég frábið mér að vera stimplaður fórnarlamb spunameistara „hræðsluáróðurs, þjóðernisrembu og þjóðernispopúlisma“, en svo skrifa aðrir spunameistarar, um þá sem eru þeim ekki sammála.



Tómas Ísleifsson

Einn Íslendingur er ekki aflögufær til hinna 19.999 í veröldinni. Við björgum ekki fátæklingum veraldar þótt við verðum þau gauð að láta orkuvarga Evrópu stela fallvötnum og jarðvarma landsins í kjölfar innleiðingar þriðja orkupakkans.

Flokksfundir

Ég hef veitt Vinstri grænum stuðning minn frá upphafi. Flokkurinn hefur til þessa staðið vörð um hagsmuni Íslands gegn auðvaldi heimsins. Nú bregður svo undarlega við að forysta flokksins hefur „turnast“ og treystir þeirri vörn að aldrei verði lagður sæstrengur. Það tel ég sjálfsblekkingu. Ekki trúi ég að grasrót flokksins sé sátt við stefnuna. Hvergi hef ég rekist á fréttir um að efna eigi til almennra funda innan flokksins.

Fyrir liggur að taka þarf ákvörðun um örlög þjóðar, og því spyr ég: Verður ekki boðað til flokksfunda hjá Vinstri grænum á næstu dögum?

Höfundur er líffræðingur linekra@simnet.is